

Ár 2010, þriðjudaginn 23. febrúar, var fundur í kjararáði að Hverfisgötu 6a í Reykjavík haldinn af Guðrúnu Zoëga, Jakobi R. Möller og Jónasi Þór Guðmundssyni.

Fyrir var tekið:

Að ákveða laun og starfskjör seðlabankastjóra

I.

Fullskipað kjararáð hefur í dag kveðið upp úrskurð nr. 2010.4.001 um almennar forsendur ákvarðana um laun og önnur starfskjör þeirra sem með lögum nr. 87/2009 bættust í þann hóp sem undir kjararáð heyrir. Meðal þeirra er seðlabankastjóri, en lögum um Seðlabanka Íslands nr. 36/2001 var breytt með fyrrnefndum lögum þannig að kjararáð ákveður nú laun og starfskjör seðlabankastjóra önnur en rétt til biðlauna og eftirlauna og önnur atriði sem varða fjárhagslega hagsmuni hans sem bankaráðið ákveður. Með þessum úrskurði tekur þriggja manna kjararáð ákvörðun um launakjör seðlabankastjóra og byggir hún á þeim almennu forsendum sem ákveðnar eru í fyrrnefndum úrskurði fullskipaðs kjararáðs. Ber því að líta á úrskurðina sem eina heild.

II.

Kjararáð skrifaði seðlabankastjóra og bankaráði Seðlabanka Íslands bréf dagsett 22. september 2009 og gaf þeim kost á að koma sjónarmiðum sínum á framfæri við ráðið auk þess sem óskað var eftir ítarlegum upplýsingum um öll núverandi starfskjör, þar með talin hlunnindi, svo sem bifreiða- og aksturshlunnindi, sérstakar greiðslur í lífeyrissjóð o.þ.h. Auk þess var óskað eftir upplýsingum um öll launuð aukastörf. Sérstaklega var óskað eftir afriti af ráðningarsamningi eða erindisbréfi. Í bréfunum voru kynntar helstu breytingar sem gerðar voru með lögum nr. 87/2009 á lögum um kjararáð og á lögum um Seðlabanka Íslands. Efnahags- og viðskiptaráðuneyti var skrifað 12. október og fjármálaráðuneyti 15. október 2009 og þeim gefinn kostur á að koma sjónarmiðum á framfæri við ráðið.

Rekstrarstjóri Seðlabankans gerði grein fyrir launum og starfskjörum seðlabankastjóra í bréfi dagsettu 1. október 2009. Í bréfinu kemur meðal annars fram að bankastjórinn fái ekki greidda þóknun fyrir setu í bankaráði né í öðrum nefndum og ráðum innan bankans. Hann fái heldur ekki greidda þóknun fyrir setu í stjórnnum og nefndum sem stofnanir og fyrirtæki á fjármagnsmarkaði standa sameiginlega að eða sem Seðlabanki Íslands tilnefni fulltrúa í samkvæmt lögum. Seðlabanki Íslands leggi bankastjóra til bifreið til fullra umráða og beri bankinn allan kostnað af rekstri hennar. Bankinn leggi bankastjóra til farsíma og fartölvu og greiði kostnað af. Um greiðslu ferðakostnaðar, risnu og biðlauna fari eftir ákvörðun bankaráðs. Bankastjóra sé heimilt að nýta þjónustu bifreiðastjóra bankans sé hann í erindagjörðum fyrir bankann.

Seðlabankastjóri svaraði með bréfi dagsettu 8. október 2009. Í bréfinu sagði að hann hefði kynnt sér starfskjör seðlabankastjóra áður en hann lagði inn umsókn um stöðuna, en núgildandi lög um það efni hefðu verið samþykkt eftir að gengið hefði verið frá ráðningu hans. Hann gerði jafnframt grein fyrir launum og starfskjörum í því starfi sem hann gegndi áður en hann varð seðlabankastjóri, en hann var aðstoðarbankastjóri við Alþjóðagreiðslubankann í Basel. Fram kom að kjör hans í því starfi hefðu verið mun betri en kjör hans sem seðlabankastjóri. Seðlabankastjóri sé ráðinn til 5 ára í senn, en aðeins megi endurráða hann einu sinni og hefði mögulegur heildaráðningartími seðlabankastjóra verið stytur úr 14 árum í 10 ár við breytingar á lögum um seðlabanka sem gerðar hefðu verið síðastliðinn vetur. Vinnutími hefði að jafnaði verið langt umfram dagvinnu og megi ætla að svo verði áfram. Skil milli vinnutíma og annars tíma séu ekki skörp og telji hann ekki heppilegt að seðlabankastjóri fái sérstaklega greitt fyrir unna yfirvinnu.

Efnahags- og viðskiptaráðuneyti svaraði með bréfi, dagsettu 23. október 2009, og sagði að í 3. gr. laga um Seðlabanka Íslands nr. 36/2001 sé kveðið á um að meginmarkmið Seðlabanka Íslands sé að stuðla að stöðugu verðlagi. Skuli Seðlabankinn stuðla að framgangi stefnu ríkisstjórnarinnar í efnahagsmálum, enda telji hann það ekki ganga gegn meginmarkmiði sínu. Í 22. gr. laganna sé kveðið á um að yfirstjórn Seðlabanka Íslands sé í höndum efnahags- og viðskiptaráðherra og bankaráðs. Ákvörðun um beitingu stjórnþækja bankans í peningamálum séu teknar af peningastefnunefnd, en að

stjórn bankans sé að öðru leyti í höndum seðlabankastjóra. Í 23. gr. sé mælt fyrir um að seðlabankastjóri beri ábyrgð á rekstri bankans og fari með ákvörðunarvald í öllum málefnum hans sem ekki séu falin öðrum með lögnum. Ráðuneytið legði störf forstjóra Fjármálaeftirlitsins, Samkeppniseftirlitsins og Seðlabankastjóra að jöfnu. Þessar stofnanir séu allar í lykilhlutverki við endurreisn íslenska efnahagskerfisins eftir hrunið. Allar þurfi þessar stofnanir að keppa við einkamarkað um starfsfólk, bæði að því er varðar forstjóra og annað starfsfólk. Því verði laun umræddra forstöðumanna að vera samkeppnishæf við þau laun sem í boði séu á einkamarkaði.

Bréf, dagsett 23. október 2009, barst frá fjármálaráðuneytinu. Í því komu ekki fram sérstök sjónarmið um laun og starfskjör seðlabankastjóra.

Með bréfi, dagsettu 18. janúar 2010, kynnti kjararáð seðlabankastjóra drög að fyrirhuguðum úrskurði um almennar forsendur ákvörðunar um laun, svo og fyrirhugaða ákvörðun um laun hans og önnur starfskjör og gaf honum kost á að koma athugasemdum sínum á framfæri við ráðið. Athugasemdir bárust ekki.

Kjararáð sendi seðlabankastjóra bréf, dagsett 9. febrúar 2010, og gaf honum kost á að koma frekari sjónarmiðum og athugasemdum á framfæri við ráðið. Bréfinu fylgdi rökstuðningur kjararáðs fyrir fyrirhugaðri ákvörðun um launakjör þar sem meðal annars kom fram við hvað hún væri miðuð.

Bréf, dagsett 18. febrúar 2010, barst frá seðlabankastjóra. Í því sagði meðal annars að lækkun launa alþingismanna og ráðherra um 5-15% og lækkun launa annarra til samræmis gæti vart verið sjálfstætt tilefni lækkunar launa seðlabankastjóra. Laun seðlabankastjóra hefðu á sama tíma verið lækkuð um rúm 14% auk þess sem framlag í séreignasjóð hefði lækkað úr 12% í 7%. Taka bæri tillit til þess að samkvæmt núgildandi lögum væri hann ráðinn til fimm ára og aðeins mætti endurráða hann einu sinni. Lengsti mögulegur starfsaldur seðlabankastjóra væri því aðeins tíu ár og hefði hann verið stytur úr fjórtán árum, þegar lög um Seðlabankann voru endurskoðuð snemma árs 2009. Afnáam bifreiðahlunninda hefði í för með sér töluverða kjararárnun umfram það sem fælist í fyrirleggjandi tillögu um bein laun. Væri æskilegt að kjararáð tæki fyrirhugaða ákvörðun um bifreiðahlunnindi til endurskoðunar en lágmark væri að veittur yrði eðlilegur umþóttunartími. Ýmis laun innan Seðlabankans tengdust beint og óbeint launum seðlabankastjóra og gæti svo mikil lækkun launa sem ráðgerð væri skapað vissa erfiðleika. Að lokum gat hann þess að laun í Seðlabankanum hefðu tekið töluvert mið af launum í öðrum fjármálastofnunum.

III.

Seðlabankinn starfar samkvæmt lögum nr. 36/2001 og er sjálfstæð stofnun í eigu ríkisins. Ríkissjóður ber ábyrgð á öllum skuldbindingum bankans. Í 3. gr. laganna segir að meginmarkmið Seðlabanka Íslands sé að stuðla að stöðugu verðlagi. Seðlabankinn skal og stuðla að framgangi stefnu ríkisstjórnarinnar í efnahagsmálum enda telji hann það ekki ganga gegn meginmarkmiði sínu. Bankinn skal meðal annars varðveita gjaldeyrisvarasjóð og stuðla að virku og öruggu fjármálakerfi, þ.m.t. greiðslukerfi í landinu og við útlönd. Í 22. gr. laganna segir að yfirstjórn Seðlabankans sé í höndum efnahags- og viðskiptaráðherra og bankaráðs. Ákvarðanir um beitingu stjórnþækja bankans eru teknar af peningastefnunefnd, sem skipuð er fimm mönnum og er seðlabankastjóri formaður nefndarinnar. Peningastefnunefnd er ályktunarhæf ef fjórir af fimm fulltrúum sitja fund. Falli atkvæði jöfn ræður atkvæði formanns. Ráðherra skipar seðlabankastjóra til fimm ára í senn. Hann skal hafa lokið háskólaprófi í hagfræði eða tengdum greinum og búa yfir viðtækri reynslu og þekkingu á fjármálastarfsemi og efnahags- og peningamálum. Aðeins er heimilt að skipa sama mann seðlabankastjóra tvisvar sinnum. Seðlabankastjóri ber ábyrgð á rekstri bankans og fer með ákvörðunarvald í öllum málefnum hans sem ekki eru falin öðrum með lögnum.

IV.

Í 8. gr. laga um kjararáð nr. 47/2006 segir, að það skuli við úrlausn mála gæta innbyrðis samræmis í starfskjörum þeim sem það ákveður og að þau séu á hverjum tíma í samræmi við laun í þjóðfélaginu hjá þeim sem sambærilegir geta talist með tilliti til starfa og ábyrgðar. Við ákvörðun launakjara samkvæmt 4. gr. laganna skuli sérstaklega gæta samræmis milli þeirra og þeirra kjara hjá ríkinu sem

greidd eru á grundvelli kjarasamninga annars vegar og ákvarðana kjararáðs samkvæmt 3. gr. hins vegar. Þá skuli kjararáð ætíð taka tillit til almennrar þróunar kjaramála á vinnumarkaði. Með lögum nr. 148/2008 var kjararáði falið, án tillits til fyrri lögmaetra viðmiða, að kveða upp úrskurð fyrir árslok 2008 er fæli í sér 5–15% launalækkun alþingismanna og ráðherra er gilti frá 1. janúar 2009. Til ársloka 2009 skyldi ráðinu óheimilt að endurskoða úrskurðinn til hækkunar. Jafnframt skyldi kjararáð endurskoða kjör annarra til samræmis. Svohljóðandi málsliður bættist við 8. gr. laganna með breytingu sem gerð var á lögum um kjararáð með lögum nr. 87/2009: „Við ákvörðun sína skal kjararáð gæta þess að föst laun fyrir dagvinnu, annarra en forseta Íslands, verði ekki hærri en föst laun forsætisráðherra skv. 3. gr.“ Föst laun forsætisráðherra eru nú 935.000 krónur á mánuði. Síðast var lögum um kjararáð breytt með lögum nr. 127/2009 en í þeim segir að til nóvemberloka 2010 sé óheimilt að endurskoða til hækkunar úrskurði sem kveðnir höfðu verið upp á grundvelli laga nr. 148/2008. Við endurskoðun eða ákvörðun kjara annarra aðila sem heyra undir ráðið skuli gætt innbyrðis samræmis eftir því sem framast sé unnt og að virtum ákvæðum 8. gr. laga nr. 47/2006.

Með þeim breytingum, sem að ofan greinir, á skipulagi ákvarðana um launakjör þeirra sem heyra undir kjararáð hefur, eins og fram kemur í úrskurði nr. 2010.4.001 um almennar forsendur, verið raskað því fyrirkomulagi og viðmiðum sem tilgreind voru í 8. gr. laga um kjararáð nr. 47/2006 eins og þau upphaflega voru. Kjararáð verður samkvæmt 8. gr. eins og hún nú er fyrst og fremst að miða við föst laun forsætisráðherra og þær ákvarðanir sem Alþingi tók um lækkun launa þeirra sem hafa heyrt undir ákvörðunarvald ráðsins. Af þessu leiðir einnig, að svo geti í auknum mæli farið að æðsti stjórnandi hlutafélags eða stofnunar í eigu ríkisins verði ekki með hæst laun starfsmanna, en við því hefur kjararáð engin úrræði. Fyrirvaralaus ákvæði laga nr. 148/2008 og 87/2009 hafa í reynd afnumið meginefni 8. gr. laga um kjararáð.

Þeir sem heyra undir ákvörðunarvald kjararáðs taka laun samkvæmt launaflokkum 123 til 142, að forseta Íslands og forsætisráðherra undanskildum. Mánaðarlaun í launaflokki 123 eru 458.224 krónur, í launaflokki 140 806.230 krónur og í launaflokki 142 862.207 krónur. Í launaflokkum 140 til 142 eru hæstaréttardómarar, ríkissáttasemjari, ríkisendurskoðandi, rektor Háskóla Íslands, vegamálastjóri, skrifstofustjóri Alþingis og ráðuneytisstjórar. Auk mánaðarlauna fá þessir embættismenn greitt fyrir yfirvinnu og álag í formi eininga, 6 til 24 einingar á mánuði, forseti Hæstaréttar mest, en aðrir mest 18 einingar. Einingafjöldi til viðbótar mánaðarlaunum í launaflokkum 123 til 142 er almennt á bilinu 0-20.

Seðlabanki Íslands er ein af mikilvægustu stofnunum ríkisins og gegnir lykilhlutverki í efnahagslífinu. Við ákvörðun mánaðarlauna, þ.e. fastra launa fyrir dagvinnu, hefur kjararáð tekið mið af mánaðarlaunum ráðuneytisstjóra forsætisráðuneytisins og forseta Hæstaréttar en þeir eru í launaflokki 142. Jafnframt hefur ráðið gætt þess að heildarskipunartími seðlabankastjóra getur mest verið tíu ár. Þá hefur kjararáð við ákvörðun eininga gætt meðalhófsþjónarmiða til þess að komast hjá því að laun lækki óhóflega. Þetta leiðir til tímabundins ósamræmis við laun þeirra sem hafa heyrt undir kjararáð, en búast má við endurskoðun einingafjölda allra þeirra sem undir það heyra eftir 1. desember 2010 eins og nánar er gerð grein fyrir í úrskurði nr. 2010.4.001.

Vakin er athygli á því að í úrskurði nr. 2010.4.001 um almennar forsendur segir að kjósi framkvæmdastjóri að halda bifreiðahlunnindum samkvæmt ráðningarsamningi, þar með töldum greiðslum sem miðast við tiltekinn fjölda ekinna kílómetra, skuli verðmæti þeirra samkvæmt mati ríkisskattstjóra dragast frá heildarlaunum sem kjararáð ákveður og fram koma í ákvörðunarorði. Jafnframt segir að laun séu ákveðin miðað við lífeyrisréttindi í A-deild Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins (LSR) og sé miðað við að verðmæti iðgjalds launagreiðanda sé 20% af heildarlaunum. Sé iðgjald launagreiðanda í annan lífeyrissjóð en LSR, að séreignasjóði meðtöldum, hærra eða lægra en 20% af launum skulu heildarlaun, sem ákveðin verða af þriggja manna kjararáði, hækka eða lækka um það hlutfall sem mismuninum nemur. Sama á við ef greitt er meira eða minna en 2% af launum í séreignasjóði fyrir félaga í LSR, sjá nánar kafla VIII í úrskurði nr. 2010.4.001. Þá skulu greiðslur fyrir fastlínusíma á heimili framkvæmdastjóra dragast frá heildarlaunum sem fram koma í ákvörðunarorði.

Eins og fram kemur í IX. kafla úrskurðar kjararáðs nr. 2010.4.001 taka ákvarðanir ráðsins gildi frá ákvörðunardegi nema annað sé sérstaklega tekið fram í einstökum ákvörðunum.

Að öðru leyti en hér kemur fram vísast til úrskurðar kjararáðs um almennar forsendur nr. 2010.4.001, sem gilda um laun og starfskjör seðlabankastjóra.

V.

Ákvörðunarorð

Frá og með 1. mars 2010 skulu mánaðarlaun seðlabankastjóra vera samkvæmt launaflokki 502-142, nú 862.207 krónur. Að auki skal greiða honum 80 einingar á mánuði fyrir alla yfirvinnu og álag er starfinu fylgir.

Eining er 1% af launaflokki 502-126, nú 5.058 krónur. Einingar greiðast alla mánuði ársins, einnig í sumarleyfi. Af því leiðir að ekki er greitt orlofsfé á einingar.

Kjosi seðlabankastjóri að halda bifreiðahlunnindum sínum skal draga verðmæti þeirra samkvæmt mati ríkisskattstjóra frá heildarlaunum sem hér eru ákveðin.

Sé iðgjald launagreiðanda í annan lífeyrissjóð en Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins, að séreignasjóði meðtöldum, herra eða lægra en 20% skulu heildarlaun sem hér eru ákveðin hækka eða lækka um það hlutfall sem mismuninum nemur. Sama á við sé greiðsla í séreignasjóð sjóðfélaga í Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins meiri en 2%.

Laun eru miðuð við fullt starf þannig að ekki komi til frekari greiðslna nema kjararáð úrskurði um það sérstaklega.

Um almenn starfskjör seðlabankastjóra gilda reglur kjararáðs frá 30. maí 2007.

Ákvörðun þessi gildir fyrir þann sem nú gegnir starfi seðlabankastjóra.

Guðrún Zoëga

Jakob R. Möller

Jónas Þór Guðmundsson